

Borgarráð 4.10.'18: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi steinabryggju - R18080159

Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um að tillaga um steinbryggjuna verði tekin til afgreiðslu í borgarráði. Í ljósi þess að neðangreindri tillögu var vísað frá í skipulags- og samgönguráði er óskað eftir því að tillagan fái fullnaðarafgreiðslu í borgarráði og borgarstjórn. Borgarráð samþykkir að steinbryggjan frá 1884 sem reist var af bæjarsjóði Reykjavíkur sem kom í ljós við framkvæmdir við Tryggvagötu verði sýndur sá sómi að ekki verði mokað yfir hana þó þannig að ekki hljótist af kostnaðarauki fyrir borgarsjóð og borgina.. Hér er um merkar menningarminjar að ræða sem ættu að vera sýnilegar almenningi